

Skýrsla innra mats Hagaskóla

2025-2026



Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Hagaskóla 2025- 2026. Sett er fram langtímaáætlun, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram í greinargerð þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslum skólans. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en stjórnendur skólans leiða matið, halda utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýna í niðurstöður og setja fram umbótaáætlun. Fagstjórar hafa leitt umræður í umræðuhópum sem hafa metið gæðaviðmið MMS. Fagstjórar eru Aðalsteinn Haukstein Oddsson, Drífa Guðmundsdóttir, Elva Traustadóttir, Kristín Ýr L. Sigurðardóttir, Laura Engelhoff, Sigurlína Margrét Osuala og Stein Olav Romslo (í fjarveru hans Sandra Óskarsdóttir). Umræðuhóparnir hittast tvisvar á ári en fagstjórar funda tvisvar sinnum á önn, annars vegar til þess að undirbúa umræðufundi og hins vegar til þess að rýna í niðurstöður í sameiningu.

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan).

Gæðaviðmið um skólastarf

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á umræðufundum með fagstjórum sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Umræðufundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram 2 sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagteymi (stjórnendum) skólans.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna, Orðarún (lesskilningspróf) og matsferil (stærðfræði og lesskilningur).

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólalámsins eru lagðar fyrir slembiúrtak nemenda skólans einu sinni í mánuði. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Starfsmannakönnunin *Stofnun ársins* er lögð fyrir á hverju ári fyrir starfsmenn skólans.

Annað hvert ár leggur Skóla – og frístundasvið fyrir foreldrakönnun.

Innlit í kennslustundir

Stjórnendur sitja kennslustundir hjá öllum kennurum og meta gæði þeirra samkvæmt matslista um gæðakennslustundir sem unninn var af kennarahópnum þar sem notast var við fyrirmynd sem byggði á lýsingu á gæðakennslustund samkvæmt hugmyndum leiðsagnarnáms.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Í Hagaskóla er sérstök áhersla lögð á læsi og vellíðan nemenda.

LANGTÍMAÁÆTLUN

	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Námsárangur nemenda						
Lesfimiþróf	X	X	X	X	X	X
Matsferill	X	X	X	X	X	X
Orðarún 8. bekkur	X	X	X	X	X	X
Viðhorf og líðan						
Íslenska æskulýðsrannsóknin, viðhorfskönnun nemenda		X		X		X
Rannsókn og greining, viðhorfskönnun nemenda	X		X		X	
Skólalúpsinn, viðhorfskönnun nemenda	X	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X	X
Viðhorfskönnun foreldra		X		X		X
Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis						
Stjórnun og fagleg forysta				X		
Samvirkni í stefnumótun						
Faglegt samstarf og samræða	X					
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu						
Umbætur og innleiðing breytinga	X					
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"						

Starfsmannastjórnun og verkaskipting				X		
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks					X	
Nám og kennsla						
Inntak og námskrá		X				
Árangur náms			X			
Gæði kennslu	X				X	
Skipulag náms		X				
Námsvitund						X
Ábyrg og þátttaka			X			
Menntastefna Reykjavíkur						
Félagsfærni			X			
Sjálfsefling					X	
Heilbrigði				X		
Læsi	X	X	X	X	X	X
Sköpun			X			X

MATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Gæði kennslu					
2.1 Inntak og námskrá	Samkvæmt gæðaviðmiðum MMS	Umræðuhópar-Gæðaviðmið MMS.	Október apríl	Stjórnendur	Enginn þáttur á aðgerðarbili
2.4 Skipulag náms	Samkvæmt gæðaviðmiðum MMS	Umræðuhópar-Gæðaviðmið MMS	Mars	Stjórnendur	Enginn þáttur á aðgerðarbili
Innlit í kennslustundir	Auka fagmennski og faglega umræður Styðja við innleiðingu leiðsagnarnáms	Matsmiðvið- Bravo		Stjórnendur	Að árangursviðmið og námsmarkmið séu sýnileg í öllum kennslustundum.
Námsárangur nemenda					
Læsi og lesskilningur Matsferill	Að allir nemendur skólans nái árangri og sýni framfarir í námi	Lesfimi Orðarún Orðarún	3x lesfimi- og lesskilningspróf, september, janúar, maí 1x Matsferill í mars	Stjórnendur og Umsjónarkennarar	Lesfimiviðmið Viðmið í Matsferli
Viðhorf og líðan					
Viðhorf og líðan nemenda	Efla líðan allra nemenda með því að skapa	Íslenska æskulýðsrannsóknin,	Febrúar '26	Stjórnendur	Vera fyrir ofan landsmeðaltal

	öruggt og styðjandi skólaumhverfi sem eykur vellíðan, félagsleg tengsl, jákvæða sjálfsmynd og virkni nemenda í skólastarfinu.	Skólapúls	Reglulega allt árið		
Viðhorf og líðan starfsfólks	Tryggja góða líðan og starfsánægju starfsfólks með skýru skipulagi, faglegum samskiptum og virku samtali.	Viðhorfskönnun starfsfólks - Stofnun ársins Starfsþróunarsamtöl	Nóvember	Stjórnendur	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík
Viðhorf foreldra	Að efla traust og ánægju foreldra með skólann.	Viðhorfskönnun foreldra	Apríl	Stjórnendur og	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Hagaskóli er unglingaskóli fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Árgangar eru fjölmennir og skólaárið 2025- 2026 eru um 640 nemendur í skólanum. Þessi fjöldi gerir skólanum kleift að bjóða upp á fjölbreytt og margvíslegt val í námi.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en stjórnendur skólans leiða matið, halda utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýna í niðurstöður og setja fram umbótaáætlun. Fagstjórar hafa leitt umræður í umræðuhópum sem hafa metið gæðaviðmið MMS. Fagstjórar eru Aðalsteinn Haukstein Oddsson, Drífa Guðmundsdóttir, Elva Traustadóttir, Kristín Ýr L. Sigurðardóttir, Laura Engelhoff, Sigurlína Margrét Osuala og Stein Olav Romslo (í fjarveru hans Sandra Óskarsdóttir). Umræðuhóparnir hittast tvisvar á ári en fagstjórar funda tvisvar sinnum á önn, annars vegar til þess að undirbúa umræðufundi og hins vegar til þess að rýna í niðurstöður í sameiningu.

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar, leiðsagnarnámi og áherslum skólans. Gerð er langtímaáætlun til 5 ára og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Viðmið um gæði eru rýnd á matsfundum þar sem starfsfólk ígrundar út frá viðeigandi gögnum og kemur sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru ávallt rýnd í innra mati skólans.

Áherslupættir og helstu niðurstöður innra mats 2025-2026

Innra mat Hagaskóla á skólaárinu 2025-2026 beindist að því að leggja mat á inntak og skipulag náms. Helstu áherslupættir skólaársins má finna í matsáætlun. Þeir voru valdir úr gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar sem og líðan og viðhorf nemenda og starfsfólks og náðu yfir eftirfarandi svið:

Gæði kennslu

Innlit í kennslustundir:

Stjórnendur sátu 37 kennslustundir hjá öllum kennurum í nóvember og desember 2025 og mátu gæði skólastarfs samkvæmt marklista um leiðsagnarnám.

Staðan er mjög lík því sem var í fyrra.

Mat á innlitum í kennslustundir

Styrkleikar:

- Námsmenning
- Hugafar vaxtar og væntingar um framfarir nemenda.
- Virkni nemenda
- Tímastjórnun góð
- Gæði endurgjafar

Tækifæri til umbóta:

- Umræður og vitsmunalegar áskoranir. Þurfum að gefa nemendum tækifæri til að takast á við flókin viðfangsefni saman. Námsfélagar geta verið góð leið til að leggja vitsmunalegar áskoranir fyrir blandaða bekki.
- Námsveggir
- Uppbygging kennslustunda- kveikjur og samantektir
- Námsmarkmið og árangursviðmið

Gæðaviðmið grunnskóla:

Skólaárið 2025-2026 voru tveir kaflar Gæðaviðmiða um skólastarf metnir af starfsmannahópnum í umræðuhópum:

- 2.1- Inntak og námskrá
- 2.4- Skipulag náms

Báðir þessir kaflar tengjast þeirri umbóta- og breytingavinnu sem verið hefur í gangi í Hagaskóla síðustu misseri, innleiðingu leiðsagnarnáms, umbótum á námsmati og gerð skólanámskrár.

Starfsmannahópnum var skipt í umræðuhópa og fagstjórar stjórnðu umræðum, hittu svo stjórnendur og sameinuðu niðurstöður umræðuhópanna þannig að úr varð mat sem hægt er að kalla sameiginlegt mat starfsfólks á þeim vísbendingum sem tilheyra þessum köflum.

Styrkleikar:

2.1- Inntak og námskrá

- Kennsluáætlanir eru skýrar og grunnþáttum menntunar er gerð skil þar.

- Kennsluáætlanir eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur.
- Kennsluáætlanir eru birtar á mentor.

2.4- Skipulag náms

- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu í teymisvinnu. (passa einyrkja)
- Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð í skólastarfi.
- Fjölbreytt verkefni sem koma á móts við ólíkar þarfir nemenda.
- List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði og Hringekjan er bót.
- Samvinna nemenda er góð.
- Upplýsingafæði til nemenda og foreldra er gott (Mentor og Classroom)

Tækifæri til umbóta:

2.1- Inntak og námskrá

- Vantar ÍSAT inn í skólanámskrá (greinahlutann). (Endurskoðað og bætt við skólanámskrá í desember 2025)
- Þrepaskipt þjónusta við nemendur kemur ekki fram í skólanámskrá. (Endurskoðað og bætt við skólanámskrá í desember 2025)
- Það kemur ekki fram í kennsluáætlunum hvernig stuðningi er háttað eða um stigskiptan stuðning.
- Vantar skýrara verklag er varðar einstaklingsáætlanir (tilhögun og framkvæmd) eða einstaklingsnámskrá.
- Það þarf að skýra hvað er gert og hvernig, hvaða börn fá stuðning. Hver ber ábyrgð?

2.4- Skipulag náms

- Mikill stuðningur fer í fáa nemendur frekar en í nemendahópinn í heild. Stuðningur fer mikið í félags-/andlegan stuðning en ekki eins mikið í námslegan stuðning. Hver fer í námsver?
- Teymiskennsla mætti vera markvissari.
- Samþætt og heildstæð verkefni eru að mestu innan námsgreina/árganga. Náms og kennsla er skipulögð út frá námsgreinum.
- Vantar fjölbreyttara námsefni.
- Bæta bókasafnið- þarf að vera stærra, betur búið og meira lifandi.

Annað

- Farið var í endurskoðun á skólanámskrá, skipulagi ÍSAT og stuðningi við nemendur strax í desember 2025. Ráðinn nýr deildarstjóri og stuðningi var skipt í námslega

Námsárangur nemenda

Lesfimiþróf MMS eru lögð fyrir alla nemendur þrisvar sinnum á ári.

Matsferill var lagður fyrir nemendur í fyrsta skiptið í mars 2026. Orðarún er lögð fyrir nemendur í 8. bekk tvisvar á ári og lokamat nemenda rýnt, sérstaklega í 10. bekk.

Styrkleikar:

Lesfimi

- Um helmingi minni hluti nemenda í Hagaskóla (11%) eru á neðsta mælitölubili en á landsvísu og um helmingi fleiri (31%) á efsta mælitölubili. Það bendir til þess að nemendur í Hagaskóla séu mun lesfimari en jafnaldrar þeirra á landsvísu.
- Nokkur munur á árgöngum þar sem 10. bekkur kemur langbest út en 8. bekkur verst.
- Árangur nemenda í 8. bekk batnaði mikið milli mælinga í janúar og maí.

Lesskilningur

- Mjög sambærilegar niðurstöður og í lesfimiþrófunum þar sem um helmingi færri nemendur (11%) eru á lægsta mælitölubili og helmingi fleiri (36%) á efsta.
- Munur milli árganga lítill sem enginn.

Stærðfræði

- Stærri hluti nemenda Hagaskóla er á efsta mælitölubili (27%) og minni hluti (17%) á lægsta.
- Nokkur munur milli árganga þar sem nemendur í 10. bekk koma verst út.

Niðurstöður matsferils sýna að:

Námsstaða nemenda er góð. Halda þarf áfram að fylgjast með og efla lesfimi, sérstaklega hjá nemendum í 8. bekk. Skoða þarf ástæður þess að nemendur í 10. bekk koma verr út en nemendur í öðrum árgöngum í stærðfræði.

Orðarún

- Nemendur í 8. bekk komu verr út í Orðarún sem lagt var fyrir á haustönn en undanfarin ár. Mæling í vor kom betur út.

Lokamat nemenda í 10. bekk

- Í gegnum tíðina hefur um 80-85% nemenda útskrifast með B, B+ eða A í íslensku, stærðfræði og ensku. Þetta hlutfall hefur hækkað aðeins undanfarin ár og nemendum fjölgað sem útskrifast með B+ og A. Við útskrift 2026 var um 85-90% nemanda með B, B+ eða A í íslensku, stærðfræði og ensku og 20-30% með A.

Tækifæri til umbóta:

- Strax í janúar var gripið til aðgerða til að þjálfa ákveðinn hóp nemenda í lestri og alla nemendur í 8. bekk. Vinna þarf það starf áfram.
- Rýna þarf ástæður mismunandi niðurstöðu í stærðfræði eftir árgöngum.

- Nemendur í 8. bekk fengu sérstaka þjálfun á hvatningu eftir niðurstöður í Orðarún í janúar. Nokkur bæting varð í prófunum í maí. Halda þarf þjálfun áfram.

Viðhorf og líðan

Viðhorf og líðan nemenda

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir jafnt og þétt allt skólaárið. Í hverjum mánuði svaraði handahófskennt úrtak 40 nemenda könnuninni og niðurstöður settar inn í Bravo í janúar og júní.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- virkni nemenda
- líðan og heilsa
- skóla- og bekkjarandi

auk opinna svara og aukaspurninga þar sem nánar er spurt út í upplifun nemenda af skólstarfinu.

Styrkleikar:

Niðurstöður Skólapúlsins sína verulega styrkleikamerki í Hagaskóla.

- Í öllum matsþáttum fyrir virkni nemenda eru nemendur í Hagaskóla martækt fyrir ofan landsmeðaltal.
- Þegar kemur að líðan og heilsu er það sama uppi á teningnum nema í mælingunni á vellíðan þar sem niðurstöður fyrir Hagaskóla eru nákvæmlega á meðaltali.
- Í mælingum á skóla- og bekkjaranda eru allir þættir marktækt fyrir ofan landsmeðaltal nema tíðni leiðsagnarmats og samband nemanda við kennara.

Þess má einnig geta að nemendur í Hagaskóla eru mun ánægðari með matinn í mötuneytinu, og mælast 8,9% yfir landsmeðaltali í þeim þætti.

Tækifæri til umbóta:

- Auka sýnileika leiðsagnarmats í takti við leiðbeiningar í stuðningsefni MMS
- Rýna áfram vellíðan nemenda og leiðir til að bæta hana. Þessi mæling hefur í gegnum árin alltaf verið í kring um meðaltal.
- Greina hvers vegna nemendur upplifa samband nemenda við kennara ekki sterkt. Þessi mæling hefur í gegnum árin alltaf verið í kring um meðaltal.

Líðan og viðhorf starfsfólks

Stofnun ársins 2025 var lögð fyrir í október til desember 2025 af Gallup. Niðurstöður bárust í mars 2026. Þátttaka var um 60% eð 53 þátttakendur.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- Stjórnun

- Starfsandi
- Launakjör
- Vinnuskilyrði
- Sveigjanleiki vinnu
- Ímynd
- Sjálfstæði í starfi
- Ánægja og stolt
- Jafnrétti

Styrkleikar:

Betri þátttaka en undanfarin ár. Hún var 40% á síðasta ári en 60% á þessu.

Þeir þættir sem koma út á styrkleikabili (4-5, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Heildarmat (+)
- Stjórnun (=)
- Starfsandi (-)
- Sveigjanleiki vinnu (+)
- Ímynd (=)
- Sjálfstæði í starfi (+)
- Ánægja og stolt (=)
- Jafnrétti (+)

Tækifæri til umbóta:

Þættir sem koma út á aðgerðabili (3-4, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Launakjör (+)
- Vinnuskilyrði (=)

Viðhorf foreldra

Annað hvert ár leggur Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir könnun meðal foreldra grunnskólabarnar. Könnunin var lögð úrtak foreldra í apríl 2026 en niðurstöður bárust í júní það sama ár. Svarhlutfall í Hagaskóla var 73,9% eða 221 af 299 í úrtaki.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- Ánægja með skólann
- Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra
- Skólastjórnendur eru til staðar

- Skólanum er vel stjórnað
- Gott upplýsingaflæði
- Ábendingar teknar til greina
- Foreldrar þekkja stefni og gildi
- Leitað til foreldra eftir tillögum og hugmyndum

auk opinna svara almennt og um sérúrræði.

Styrkleikar:

Þeir þættir sem koma út á styrkleikabili (4-5, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Ánægja með skólann (+)
- Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra (+)
- Skólastjórnendur eru til staðar (+)
- Skólanum er vel stjórnað (+)
- Gott upplýsingaflæði (+)

Tækifæri til umbóta:

Þættir sem koma út á aðgerðabili (3-4, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Ábendingar teknar til greina (+)
- Foreldrar þekkja stefni og gildi (+)
- Leitað til foreldra eftir tillögum og hugmyndum (+)

Vinna sérstaklega með það að kynna stefnu og gildi skólans fyrir foreldrum og að leita eftir hugmyndum þeirra og tillögum.

Samantekt og úrvinnsla- tækifæra til umbóta

Innlit í kennslustundir – upphaf og lok kennslustunda

Efla traust og samstarf við foreldra Kynna stefnu og sýn fyrir foreldrum skólans

Bæta bókasafn og upplýsingaver – ráða nýjan starfsmann

Endurskipulagning nemendabjónustu (ferlar og verkaskipting), nýr deildarstjóri- Gróðurhús og námsver,

Stuðningsefni Aðalnámskrár grunnskóla – áframhaldandi innleiðing – námsmarkmið og árangursviðmið, lotur, námsvegur

Starfsandi – vellíðan starfsfólks

Námsárangur nemenda – viðbragð við niðurstöðum lesfímiprófa og matsferils, rýna í kennsluáðferðir í stærðfræði, Áhersla á námslega vellíðan, frá P til P, djúpnám, hægnám,

UMBÓTAÁÆTLUN 2026- 2027

Viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma-rammi	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppbygging kennslustunda (upphaf og lok)	Tryggja að uppbygging kennslustunda fylgi viðmiðum skólans um gæða kennslustundir sem hluta af leiðsagnarnámi	Kennarar fylgja viðmiðum skólans um gæða kennslustund.	Kennarar og stjórnendur	Nóvember og desember	Innlit, BLIKK stjórnenda, sjálfsmat kennara og rýni á námsáætlunum	Viðmiðin sjást í framkvæmd í 90% kennslustunda.
Foreldrasamstarf	Að byggja upp traust við foreldra	Morgunkaffi foreldra Kynna stefnu og sýn skólans	Sigga Nanna og Ómar	Allt skólaárið		Fastir fundir mánaðarlega með foreldrum á skóladagatali Tölvupóstur til foreldra um nýja skólanámskrá
Námsárangur nemenda og námsleg vellíðan	Viðbragð við niðurstöðum lesfimiprófa og matsferils. Stigskiptur stuðningur	Rýna kennsluaðferðir í stærðfræði Frá pixlum til pappírs Djúpnám og hægnám	Sigga Nanna, Ómar og Vilborg	Allt skólaárið		Að námsárangur nemenda sem marktækt fyrir ofan landsmeðaltal og fyrir ofan meðaltal Reykjavíkur.

Líðan nemenda og starfsfólks	Tryggja öryggi og vellíðan allra aðila skólans	Endurskoða eineltisáætlun, forvarnaráætlun og rýmingaráætlun. Halda rýmingaræfingu.	Áslaug Forvarnarteymi SN	Haust	Rýming metin.	Að það séu virkar forvarnaráætlun og eineltisáætlun. Að líðan nemenda batni og sé fyrir ofan landsmeðaltal.
Stuðningsefni Aðalnámskrár grunnskóla	Bæta og skýra verklag	Lotur Námsvegur Námsáætlanir	Ómar Fagstjórar	Allt skólaárið	Vinna kennara Kennarafundir	Öll fagteymi búin að búa til sinn eigin námsveg Allar námsáætlanir eru uppfærðar og aðgengilegar á heimasíðu skólans.
Endurskipulagning nemendabjónustu	Skýra verkferla Verkaskipting Skráningar	Námsver og Gróðurhús	Vilborg og Áslaug	Allt skólaárið		Tryggja þjónustu og boðleiðir.
Bæta bókasafn og upplýsingaver	Bæta bókakost, bæta aðbúnað, bókasafn opið á skólatíma	Stækka bókasafn Aðstaða fyrir tækjabúnað Ráða starfsmann bókasafns – upplýsingatækni	Stjórnendur	Allt skólaárið		Að bókasafn og upplýsingaver verði miðja skólastarfs og öflug þjónsta við nemendu.

Innra mat	Nýta niðurstöður innra mats og mælingar til að bæta skólastarf	Kynna niðurstöður reglulega fyrir starfsfólki	Stjórnendur Fagstjórar	Allt skólaárið		Að innramat sé virkt tæki í skólaþróun og notað til úrbóta á skólastarfi.
Innri vefur Heimasíða	Bæta upplýsingaflæði	Halda áfram að vinna að innri vef skólans	Uppl.tækni/ skrifst.stjóri Guðrún Inga	Allt skólaárið		Virkur innrivesur fyrir lok skólaárs 2025-2026